


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



LÍFSSTEFNU-VETRARBRAUTIR

Sjá greinar á bls 2 og 7.

(Stórkostleg staðreynd)

EFNISYFIRLIT:	Bls.
Aldaskiptin og nöðrumennin H.P.	3
Undraverðar undirtektir, Þ.G.	5
Fróðlegt samtal, Þ.J.	6
Stórkostleg staðreynd, Þ.G.	7
Frá Burdlík, Þ.G.	10
Stjörnufræðipáttur, Þ.G.	11
Tveir látnir, Þ.G.	14
Stjörnusambönd, I. A.	15

Útgefandi :

Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri :

Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

LÍFSSTEFNU-VETRARBRAUTIR

" Stjörnufræðingar finna skjótt
fleira en þeir bjuggust við
annarra heima ítra drótt..."

kvað Grímur Thomsen á 19. öld, og á þann hátt gat eftirvæntingin þá bundizt við stjörnufræðina. Þeim sem skilizt hefur á þann hátt sem Nýall bendir til, verður að vísu stjörnufræðin hugleikin á alveg nýjan og sérstakan hátt, en þó býst ég við að því betur sem menn hafa kynnt þeim fræðum, því ólíklegra hafi þeim farið að þykja, að stjörnufræðingar mundu nokkurn tíma finna lífið á stjörnunum með sínum aðferðum.

Fyrir nokkrum árum uppgötvuðust þó fyrirbæri, sem komu miklu róti á hugi stjörnufræðinga. Voru það hinir svonefndu quasar-ar (quasi-stellar objects, eða hálf-stjarnræn fyrirbrigði), en í Íslenzkri þýðingu voru þeir nefndir ofursólir, en réttara væri ofurstirni, því augljóst er orðið að ekki er um einstakar sólir að ræða. Benti margt til þess að þarna væru vetrarbrautir fjarlægðar mjög og öðrum ólíkar og orkumagnaðar langt fram yfir það sem þekkt hafði. Litbrigðum voru þær geislandi á hinn fegursta og furðulegasta hátt, en þetta rakst á við hina röngu afstæðishugsun sem hér hefur verið ríkjandi, og fóru þá sumir að reyna að þröngva fyrirbærum þessum inn í vetrarbrautina, en það hefur lítinn árangur borið, og munu öll gild rök hníga að því að þau séu utan vetrarbrautar, og þar af leiðandi í geysilegri fjarlægð.

Það er auðskilið lögmál, að því fjær sem hluturinn er því hægari hljóta allar breytingar að sýnast þar, og er þetta fyrst að athuga í sambandi við fastastjörnur eða sólstjörnur þær sem næstar eru, því að á hundruðum ára breyta þær ekki um afstöðu svo neinu nemi. En þó eru þær á fleygiferð. Þegar kemur til annarra vetrarbrauta er **fjarlægðin orðin svo mikil, að naumast verður nokkur breyting greind** beinlínis, jafnvel með nákvæmustu mælingum. Jafnvel þótt stjarna fleygðist þar áfram meðfullum ljóshraða, þvert á sjónstefnu, sæist það seint. – En nú víkur sögunni að ofurstirnunum. Litbrigðin sem bylgjast þar um þvera vetrarbraut benda til samstillingar á afarháu stigi í veldi lífsins, því eins og gefur að skilja getur lífgeislinn einn náð að samstillast hreyfingar á svo víðáttumiklu svæði. Þarna er lífið komið á stig furðulegrar fullkomnunar og allt efni komið undir yfirráð þess. Þetta hafði mér skilizt og sett fram að nokkru í blaðinu Interstellar Communication árið 1966. En nú berast þau tíðindi frá stjörnufræðingum að þeir hafi nú uppgötvað það sem mestri furðu veldur. Út úr ofurstirni gengur nokkurskonar sproti eða skaft, fagurlega lagað og vafalaust samsett af milljónum sólna. En hvað gerist? Þeir eru nýbúnir að uppgötva að sprotinn lengist. Milljónir sólna á flugi langt fram **yfir** ljóshraða?

Ekki er það svo að skilja beinlínis, heldur aflíkamast og endurlíkamast þarna heil sólhverfi á svipstundu og flytjast þannig úr stað með krafti lífgeislans. Á þann hátt kemur fram sú hreyfingarmynd sem stjörnufræðingar nú hafa uppgötvað, en kunna enn enga skýringu á.

Vonbrigði kynnu það að verða einhverjum, sem liti á þessa mynd, að vita að það sem hún vitnar um er ekki að gerast núna, heldur fyrir milljónum ára, jafnmörgum og ljósið er þaðan að berast. Hitt er þó jafnvíst að ekki eru minni tíðindi að gerast þar nú á þessari stundu, en til þess að flytja þau hingað samstundis dugir ekkert minna en lífgeislann. Það er því hlutverk okkar að greiða fyrir áhrifum **hennar hér á jörð**. En það verður ekki gert á annan hátt en þann að sjá sannleikann og segja hann.

ALDASKIPTIN OG NÖÐRUMENNIN.

Ótrúleg saga en sönn.

I.

Fyrir ekki allfáum árum minntist ég í einhverri grein, á vanda, sem virtist gefa allgóðar ástæður til að skilja tilfinningar þess, sem á flæðiskeri væri staddur. Skorti þá mjög mikið á, að ég hefði áttað mig á því hvernig á þessum vandræðum stæði, sem vikið var að. Miklu lengra var ég kominn í skilningi á þessu í grein, sem rituð var haustið 1932 og heitir "Ólíkar aðferðir". Og loks er mál þetta í aðalatriðum orðið mér svo ljóst, að ég get örugglega um það skrifað, en tel ekki rétt að þegja um það eða vantroysta því, að orð mín kunni að fyrirhitta það drengskaparfólk, sem vel lætur sér skiljast, að það er engin ástæða til að ætla mér þann skort á greind eða ráðvæðni, að ég segi ekki sanna sögu þótt ótrúleg sé.

II.

Ár eftir ár hefur verið leitast við að gera mér alveg óbærilegt það sem áður var þungbært. Mjög lengi reyndi ég að halda að einungis væri um tilviljun að ræða. En að lokum varð þó með engu móti komist undan þeirri ályktun, að það sem fram við mig kom, væri beinlínis viðleitni á að þreyta mig svo og svifta svefni, að ég gæti ekki haldið áfram verki mínu. Það átti að refsa mér þannig fyrir ýmislegt sem ég hafði ritað og reyna til að gera mig með þessari aðferð svo vesalan, að ég kæmist sjálfur að þeirri niðurstöðu, að ég væri ekki vísindamaður heldur fífl. Og svo erfið varð mér þessi viðleitni, að ég ýki ekki með því að segja, að hún hafi oftár en einu sinni komið mér á heljarþróm. Ég bið menn að muna vel eftir því, að ef þeir ímynda sér að ég sé hér að fara með ósannindi, þá ganga þeir - þó að óbeinlínis sé - í lið með þeim sem slíka viðleitni hafa í frammi haft, og mundi sá félagsskapur ekki reynast heillavænlegur til lengdar. Það hefur hefur ekki verið auðvelt fyrir mig að ætla nokkrum manni það innræti, sem þarf til þess að taka fyrir saklausan mann og reyna til að gjörspilla lífi hans, en þar var þó loks ekkert undanfæri.

Ég fékk loks fullkomna vissu um, að ég hafði þarna kynnt verri mönnum en ég hafði vitað af áður á ævi minni, og að sá andi, sem fjandsamlegastur er anda sannleikans og svo oft og svo illa hefur gert vart við sig á undanförunum öldum, er ekki alveg úr sögunni ennþá. Ekki ætla ég að fara að lýsa neitt nánar því athæfi, sem nú um nokkur ár hefur gert ævi mína líkast martröð, og er þó sumt í því auðsagt, eins og það, að reynt hefur verið með, mér liggur við að segja skipulegri aðferð, að sjá um að ég fengi sem minnstan nætursvefn. Í draumlífi mínu hefur ofsókn þessi einnig komið fram, á að vísu fróðlegan hátt, en mjög óskemmtilegan. Mér hefur eigi allsjaldan fundist ég meir en í nágrenni við Víti.

III.

Ég er með þessum línnum að leita mér liðs, leita að góðum mönnum og svo greindum, að þeir skilji, að maður, sem væri eitthvað geðbilaður mundi aldrei gera þesskonar rannsóknir sem ég hefi gert eða skrifa þannig. Og ég er ekki að ýkja þegar ég segi að hér sé um lífið að tefla fyrir mig. Ég tel mjög ólíklegt að ég mundi lifa lengur en þangað til í ársbyrjun 1937, ef ævin ætti framvegis að vera nokkuð lík því sem nú hefur verið alllengi. Þetta má ekki misskilja. Ég er ekki vitund hræddur við að vera dauður. Ég veit nokkurnveginn hvað við tekur, og mér þykir jafnvel gott hvað styttist. En ástæður eru dálítið sérstakar. Ég hefi stundum rekið mig á þá skoðun, að ég hafi ekki haft neitt ákveðið markmið um ævina. Þetta er hreint ekki svo líttill misskilningur. Mitt mikla áhugamál er að lífinu hér á jörð verði gerbreytt, komið í gersamlega annað horf. Ég er óbifanlega sannfærður um, að þetta getur orðið, á tiltölulega skömmum tíma. Og að þessu hef ég verið að reyna að vinna að mínum hluta, með því að auka að nokkru við þekkingu mannkynsins, og breyta hugsunarhættinum. Lífið eftir dauðann hefur aldrei áður verið skoðað og rannsakað frá sjónarmiði náttúrufræðingsins, og ég veit ekki til, að mönnum hafi skilizt, að ellihrörnun og dauði eru gallar á lífinu, sem eiga að hverfa og geta horfið, eins og t.d. holdsveiki eða kláði. Frá þessu verki vil ég ekki þurfa að hverfa fyrr en sigur er unninn, og hin mikla stefnubreyting komin í það horf sem þarf. Og það er enginn vafi á því, að þetta getur tekizt, ef menn aðeins reynast mér sámilega. Eða, svo að síður sé misskilið, ef menn aðeins reynast sannleikanum eins og vera ber. Og hvernig sem fer þá mun sannast að ég segi satt. Takist stefnubreytingin mun verða betra að lifa um alla jörð, óviðjafnanlega miklu betra en nokkru sinni hefur verið áður. En haldi menn áfram að reynast sannleikanum ekki betur en hingað til, og eigi ég aðeins skammt eftir ólifað, þá verða þó að vísu aldaskipti, en mjög á annan veg en þyrfti að vera, og lífið hér á jörð mun færast meir í Vítisáttina en áður hefur verið, jafnvel þegar verst vegnaði. Og hefur að vísu margt í viðburðum þessara erfiðu ára bent í þá átt.

Helgi Pjeturss
(Prentað í Vísi, 2. nóv. 1935)

Greinarauki.

Athugavert er það, að þar sem sagt er í ofanritaðri grein, að vafasamt sé að höfundur hennar muni verða á lífi fram til þess árs, sem hann tiltekur, þá fór það á annan veg. Varð ævi hans nokkru lengri en sem því næmi, og kynni nú einhver að telja það bera vott um að höfundur hafi gert of mikið úr þeim erfiðleikum sem þarna steðjuðu að honum. En sá sem hefur lesið nokkur einkabréf frá sama manni og séð hvernig jafnvel rithönd hans hrakaði svo í verstu hryðjunum, að hún varð nærri óþekkjaleg, þarf ekki að undrast, þótt hann kæmist þannig að orði. Staðreyndin er sú að það var gengið mjög nærri lífi hins þjáða manns, og það ætti þá heldur ekki að vera neitt vafamál á hvern hátt það var gert, og hver eða hverjir voru þar að verki. Sigurinn á rangstefnunni er í því fólgin að taka undir með dr. Helga Pjeturss um það, sem hann hefur séð til sanns og sýnt fram á, enda mun nú enginn treysta sér til að halda fram hinu gagnstæða um ofanritað mál.

Þorsteinn Guðjónsson.

UNRAVERÐAR UNDIRTEKTIR.

Fjáröfnun sú, sem hafin var til byggingaframkvæmda á vegum félags okkar um áramótin 1967-68 þegar verulegan árangur, og sýndi það bezt, að ekki eru allar dísir dauðar hinu Íslenzkasta málefni. Var svo rösklega við orðið, að auk sjóðs sem áður hafði safnast, náðu framlög langt til að standa undir greiðslum til framkvæmdarinnar eftir því sem henni miðaði áfram, unz húsið var uppsteypt komið í hendur okkar. Hitt virtist fremur áhyggjuefni hvort áframhald gæti orðið á slíkum framlögum til síðari hluta verksins, því að margir hafa óefað lagt nokkuð að sér til að geta rétt félaginu fjárstyrk, og fjöldi hinna virku félaga var takmarkaður. En öðruvísi og betur hefur þetta reynzt, en við þorðum að vona. Hafa framlög eða fjárgjafir haldið áfram að bætast í sjóðinn á þessu ári og ævifélagar að bætast við og aðrir félagar. Kona á Austurlandi sendir ævifélagsgjald, tveir menn á Snæfellsnesi, einn í Borgarfirði, austan úr Oræfum berast nokkrar upphæðir, og vestan úr Íslendingabyggðum Kanada kemur kona og situr tilraunafund, gerist félagi og réttir okkur 8000 kr. Þannig mætti halda áfram að telja, svo að ekki séu nefndir þeir af félögum okkar sem allrabezt leggja sig fram - en það er á þennan hátt, sem hið ólíklegasta getur gerzt: að hér á þessum útjaðri vitheims komi upp sá vísir til stjörnusambandsstöðvar, sem byggingin við Álfhólsvæg vissulega á að verða. Látum okkur öll verða samhuga um að óska þess, að ekkert skuli verða til að aftra því að þessi framkvæmd nái tilgangi sínum.

P. G.

FRÓÐLEGT SAMTAL.

Fróðlegt samtal átti ég eitt sinn á liðnum vetri við sparisjóðs-stjórann í Borgarnesi, Friðjón Sveinbjarnarson, og snerist það að nokkru um föðurbróðir hans, Kristján Jónsson á Snorra-stöðum. Er Kristján fræðimaður um margt og kemur stundum við sögur í útvarpi varðandi íslenskt mál, án þess þó að koma þar fram sjálfur. En fróðlegt þótti mér það einkum eða eftir-tekta-vert í frásögn Fr., hve eftirminnilega Kristján hefði sagt honum ungum sumt úr Íslendingasögum. Sagði Fr. að þótt þetta hefðu að miklu leyti verið orðréttar endursagnir á því sem í bókunum stendur, hafi það orðið sér ákaflega miklum mun minnistæðara en af því að lesa bækurnar, og þykir mér sem af þessu bregði nokkurri skilningsbirtu á það, hve ýmsir atburðir hafi getað varað í minnum manna, mann fram af manni, þegar góður sögumaður sagði frá. - Ég hafði, er samtal þetta fór fram, gert mér ljósara en ég áður hafði gert, hve það eru aðeins einstök atriði eða þættir, sem vara í minninu nokkurn-vegin óhagganlega, stundarsvipir, sem standa þar eins og söngvarúnir, svo að komizt sé að orði eins og gert er í einu kvæði Einars Benediktssonar, og hversu það eru þessir stundarsvipir eða punktar, sem sögumaðurinn síðar raðar niður á rökvísan hátt, þegar sagan er samin og skráð. Og þessir svipir eða myndir hygg ég að stundum hafi borizt frá manni til manns lítið eða ekki breyttir eða aflagaðir, þó að niðurröðun eða tímatal hafi að ýmsu leyti getað haggazt. Einstaka atburðir eða setningar, þar sem um úrslit mikilla örlaga var að ræða eða aðalatriði, hafa brennt sig inn í hugina frá manni til manns. Og hafi veitendum og þiggjendum hinna fornu arfsagna verið líkt farið og þeim frændum Kr. og Fr., þá er ástæða til að ætla að það hafi orðið fyrir einhverja ástæðismagnan. Samkvæmt því sem Fr. sagði mér, yrði honum svo sérstaklega minnistætt, heldur varð honum einnig allt annað miklu minnistæðara en ella, meðan frásagan fór fram. Þannig sagðist hann nú muna svo undraskýrt margt úr umhverfi sínu frá þessum stundum, svo sem ásigkomulag tungls á himni, skýjafar og fleira slíkt, og mætti nú láta sér detta í hug, að þar hafi slæðzt inn í fleira en það sem sjá mátti í umhverfinu.

Annað sagði Fr. mér, sem enn er til stuðnings við sannleiksgildi hinna eftirminnilegustu þátta sagnanna. Í Landnámu, 5. kapítula annars hluta, segir svo:

"Þá var Þórir gamall ok blindr, er hann kom út síð um kvöld ok sá at maðr reri utan Kaldárós á járnökkva, mikill ok illiligr, ok gekk þar upp til bæjar þess, er í Hripi heitir, ok gróf þar í stöðulshliði. En um nóttina kom þar upp jarðeldr ok brann þá Borgarhraun. Þar var bærinn, sem nú er borgin".

Þessu sem tengt er þarna sambandsskynjun og fyrirboða, sagði Fr. að annar föðurbróðir sinn, Magnús, sem verið hefði einna mestur fræðimaður þeirra bræðra, hefði trúað staðfastlega, og það þótt jarðfræðingar hefðu haldið því fram, að Eldborg og hraunið þar umhvefis, væri miklu eldra en frá landnámstíð. Má vera að auk trausts á sannleiksgildi Landnámu hafi M. komið til hugar að hraunið væri þarna ekki allt frá sama tíma, eins og nú kvað hafa reynzt. Sagði Fr. að Eldborg, og nokkur hluti hraunsins, hafi nú fyrir hina nýju möguleika til aldursákvörðunar á bergi reynzt vera í góðu samræmi við frásögu Landnámu, og er þar því um nokkuð samskonar að ræða og hina stjarnfræðilegu sönnun um, að Stiklastaðabardagi hafi ekki farið fram þann 29. júlí 1030, heldur 31. ágúst sama sumar.

Þorsteinn Jónsson.

STÓRKOSTLEG STAÐREYND

Vorið 1965 flaug sú frétt eins og eldur í sinu um alla jörð, að náðzt hefðu merki utan úr geimi, sem líklega væru frá lengra komnum mannfélögum á öðrum hnöttum. Ungur rússneskur stjörnufræðingur, Kazantsev minnir mig hann væri nefndur, var borinn fyrir fréttinni, af þarlandri fréttastofnun, en síðan tóku blöð og fréttastofnanir við henni um alla jörð sama daginn. Tóku Ameríkumenn einna rösklegast við henni þennan dag en ekki var sá dagur að kvöldi liðinn þegar hinir virðulegustu vísindamenn tóku að mæla á móti fréttinni og telja öll tormerki á því að þarna gæti verið um skeyti að ræða.

Það sem ég ætla, er að ljósmerki þessi hafi að vísu verið merki um líf og hugsun, en þó á nokkuð annan hátt en þeir hugsuðu sér, sem á annað borð héldu að þarna væri um skeytasendingar að ræða. Héldu þeir helst að komið hefði verið upp geysiöflugum tæknilegum sendistöðvum til að framleiða þessar merkjasendingar, en það er nú vitað að sendistöðvarnar eru heilar vetrarbrautir í órafjarska, og eru eðlishættir þeirra svo furðulegir að heita má að öll hin - ranga og takmarkaða - eðlisfræðibygging nútímans hafi riðað við. Það er til dæmis eitt að þessar vetrarbrautir breyta um birtu og lit á nokkurra mán. fresti, en á svo stóru svæði sem vetrarbraut nær yfir væri slíkt óhugsandi án einhvers hraðgeislaðra en ljósið er til þess að samstillta breytingarnar. Venjulegar vetrarbrautir sýnast kyrrastar og stöðugastar alls. Kvasar (eða Kvasis) vetrarbrautirnar eru heimkynni hinnar guðlegu fullkomnunar, sem er langt fram yfir það sem nokkrar goðsögur eða trúarkenningar hafa verið til frásagnar um.

Árið 1966 benti ég á það í enska ritinu, sem við gefum út hérna (Interstellar Communication), að eiginleikar Kvasanna yrðu ekki skýrðir nema út frá hraðgeislun lífsins, en vitanlega hafa hinir erlendu lesendur ritsins lítinn gaum gefið að þeirri skýringu. Á sambandsfundi nokkru síðar spurði ég stjórnanda hvort þessi skýring væri rétt, og kom þá eindregið svar um að svo væri, og er mér nú vel ljóst hve varlega verður að fara í að byggja á slíku. Hinu átti ég síður von á, að jafn-greinileg staðfesting kæmi frá stjörnufræðinni á þessari tilgátu minni og raun hefur á orðið. - Þess er að geta, að nýjungar og uppgötv-anir um Kvasana eru orðnar svo margar og óvæntar, að stjörnufræðingar bera varla við að reyna að skýra þær. Nú í vetur las ég svo um þá uppgötvun, sem allra ótrúlegust þótti, en það var að skaftlaga eða oddlaga hluti slíkrar vetrarbrautar, sem gengur út frá miðju hennar, sást lengjast. En það þýðir að hundruð þúsunda eða milljónir sólhverfa eru þar á ferð, sem tekur langt fram ljóshraðanum, en það þýðir með öðrum orðum að þau verða að aflíkamast og endurlíkamast með öllu sem í þeim er og hraðflytjast þannig milli staða. En slíkt getur vissulega gerzt þar sem máttur sá er Helgi Pjeturss lýsti, er með öllu ráðandi.

Fyrir mörgum árum sagði Sveinn Haraldsson mér frá því að hann hefði lesið um það í framlíflýsingu, að til væri það að flytja heil sólhverfi hamförum milli staða. Segir hann að ég hafi þá tekið þessu fálega, eins og mér fyndist nóg um og mun ég lítinn gaum hafa þessu gefið. En nú er ekki annað sýnna en að hið sama sé fram komið í sjálfri stjörnufræðinni. Og er þetta eitt með öðru, sem bendir til þess, að framlíflýsingar séu á raunveruleika byggðar, og ættaðar frá þeim sem betur vita en menn gera hér.

P. G.

DRAUMUR.

Mig dreymdi eina nótt að ég væri á ferð um borg nokkra, (að degi til) sem ég þóttist vita að væri mín heimaborg, en var þó allt öðruvísi. Ég þóttist fara um ýmsar byggingar, líklega opinberar eða skrifstofubyggingar, en þennan hluta draumsins man ég mjög óljóst. En eitthvert erindi átti ég fyrir höndum, og kom í ljós að ég átti að hitta einhverja konu, sem ég býst við að hafi verið aðkomin. Mér þótti ég koma í afarmikinn sal, eða jafnvel forsal, þar sem hátt var til lofts og vítt til veggja og voru veggir og loft skreytt dýrum og fögrum steini og vel slípuðum sem minnti á jaspis. Varð mér í draumnum hugsað að þetta hefði kunnur verzlunarmaður í borginni látið reisa fyrir nokkrum áratugum, en til lítilla nytja hefði þetta þó orðið og ekki hefði lífið batnað fyrir því, en nær hefði verið að styðja að byggingu stjörnusambandsstöðvar. Næst gerist það í draumnum að ég hitti konuna, og átti við hana tal um eitthvað sem báðum þótti mikils vert. Ég hef orð á því að málfæri hennar beri þess einhvern vott að hún sé ekki innlend. Þykir mér hún þá gefa til kynna að hún sé að einhverju leyti af Indíánaættum, en þó að mestu sama kyns og ég. Ég læt það gott heita; og var nú afráðið eitthvað meira um að finnast annarsstaðar, líklega í beinu framhaldi af þessu, því að það gerðist í sama draumnum. Var nú einhver ferð farin til annars borgarhluta, og þykir mér þar fólk vera að koma til sambandsfundar. Voru þar þrjár konur, auk mín og annars manns og ennfremur þessi nýkomna kona. Nú þykir mér konurnar fara inn í herbergi til að reyna þar með glasi og stafrófi, en á meðan sitjum við hin fyrir framan til að bíða eftir niðurstöðum, og þótti mér þetta vera venjan. En þá finnum við það báðir að sú nýkomna fer að ókyrrast eða er ekki ánægð og fundum við fljótt að hún vildi vera við sjálfa tilraunina. Fannst mér að hún segðist vera næm fyrir áhrifum, og myndi þá líka geta munað um sig, ef hún fengi að vera við. Urðum við þá hinir líka fljótlega ásáttir um að svo skyldi vera, og varð hún þá undir eins ánægðari, en hvort það varð í þetta skipti veit ég ekki, því hér endaði draumurinn. - Það er nú auðsætt að draumur þessi stafar þaðan sem framgangur vitzkunnar hefur orðið seinn, og er það á frumlífsstað, og er þar einhver sambandsviðleitni höfð um hönd, e. t. v. á grunni heimsskilnings, þó að varla kæmi neitt beinlínis fram um það þarna. Á sambandsfundum okkar hefur verið sagt að nú sé víða á slíkum stöðum að hefjast sambandsviðleitni, og er hin mesta nauðsyn að þeir viti hverjir til annarra hnatta á milli, sem þá viðleitni stunda, og eru draumarnir og rannsókn þeirra ein leið til þess að svo geti orðið. Ekki ætla ég að leiða neinum getum að, hverjir þessir menn voru, eða hvar staður þeirra er, en geta má þess sem mér sýnist líklegast um stilliáhrifin.

Inga T. Árnason, Vesturheimskona borin og barnfædd, gekk í

félag okkar þegar hún var á ferð hér um daginn. Sat hún einn tilraunarfund með okkur, en hafði áður haft mikið fyrir að finna okkur, þangað til einhver vísaði henni á Sigurð Ólafsson. En svona er sinnuleysið mikið um það sem mestu varðar, og svona ókunn starfsemi félags okkar, að konu, sem árum saman hefur haft hinn mesta hug á málefni Nýals og er ótrauð að spyrjast fyrir, tekur það þrjár vikur að hafa uppi á einhverjum okkar, enda var þá líka komið að brottfarardegi hennar.

Þorsteinn Guðjónsson.

FRÁ BURDLÍK.

Um það leyti sem verið var að prenta maíhefti félagsblaðsins, kom Burdlík í samband hjá okkur, en eins og getið var um í því blaði, hafði slíkt þá ekki gerzt um nokkurra mánaða skeið. Má vera að hliðholl áhrif frá prenturunum hafi þarna eitthvað komið til greina, en einnig mætti vera að horfurnar á því að grein um þetta samband mundi koma innan skamms fyrir augu góðra lesenda, hafi getað orðið örum huga hvöt til að taka sig á um að áorka sambandi. Mun Burdlík hafa orðið þess áskynja að leið var að opnast og undireins gengið á lagið að koma áhrifum sínum fram. Stutturð frásögn í fundarbók af komu hans þennan dag (19.maí) er þannig:

B. kom, lýsti fögnuði sínum (yfir að ná sambandi), var á fundi sjálfur. Lítið hús, fátt fólk, menn samhuga, góð byrjun. "Billjónir, billjónir, billjónir hnatta vita af þessu sambandi okkar".

19. júní náði hann aftur til okkar: "Við tuttugasta mann í stöð sinni Borgin er á strönd sjávar, mjög stór borg, ekki höfuðborg. Ekki sólskin þar núna". En einhverntíma hafði hann talað um mjög skæra sólarbirtu. Svo er að sjá sem hann eigi auðveldara með að tala til okkar en við til hans, og má vera að það stafi nokkuð af því að hann er frumhugsuður á líkan hátt og Helgi Pjeturss var hér. "Það er eins og að hans töfranafni - ótal stjörnur geislamagni safni" segir í kvæðinu, og getur það eins átt við um Burdlík. - Einhverntíma kom það fram að rit Burlíks væru mjög mörg, en líklega heldur stutt hvert og má vera að bókaútgáfa sé þar með öðrum hætti en hér.

Ordník nefnist félagi Burdlíks og fulltingismaður, og tilkynnti hann sig í gegnum fjórða miðil okkar þ.26. júní, en þar voru einhverjir örðugleikar, og varð ekki framhald á. Má vera að þar sé eitthvað persónulegt á milli eins og jafnan getur orðið, þegar fáir menn þurfa að vinna mikið saman einangraðir frá öðrum, og er nú þess að óska að úr því greiðist og að einnig Ordník nái stefnunni og því að koma sér vel við.

P. G.

Viðbót. Þann 17.5. sá ég í svipsýn lítið hús einlyft og heldur langt miðað við breidd, virtist mér, e.t.v. með smáútskoti öðru megin. Húsið stóð á melhrygg eða lágum lánngvöxnum ási í svo sem 1 km fjarlægð að sjá frá athuganda, og var lítil byggð í kring, en þó einhver, þegar frá fjær dró. Ekki tók ég heldur eftir neinum trjám eða gróðri. Hvort þessi sýn á við litla húsið hjá Burdlík veit ég ekki enn, en þar sem hún vísar til þess að slíkri vitneskju megí ná, læt ég hana koma hér. - Það vildi líka svo skemmtilega til að á fundi tveim dögum síðar kom Burdlík í samband aftur, eftir margra mánaða hlé, og bar lýsingum hans á umhverfi sínu töluvert saman við það sem hér var sagt.

P.G.

RÉTT NÖFN.

Nafn Burdlíks misprentaðist í síðasta félagsblaði (maíblaðinu), og féll niður l-ið. Virðist villa þessi vera nokkuð áleitin, og vil ég biðja lesendur að forðast hana. Eins ættu allir að rita nafn höfundar Nýals eins og hann gerði sjálfur: Pjeturss, því svo vildi hann að vinir sínir gerðu, eftir því sem Þorsteinn Jónsson hefur sagt mér. En auk þess mætti telja ýmsar ástæður til réttlætningar því að dr. Helgi breytti ekki nafni sínu, þótt skipt væri um stafsetningu, og skal ég aðeins nefna eina þeirra: Þegar Goethe var uppi á Þýzkalandi var þar sú réttitun að skrifa ö-hljóð með oe. Síðar var þessu breytt og tekinn upp stafurinn ö. En engum hefur dottið í hug að fara breyta nafni Goethes eftir því, heldur hefur það jafnan verið látið haldast eins og hann skrifaði sjálfur, -

P.G.

MISBJARTAR STJÖRNUR.

Stjörnufræðipáttur fluttur í Félagi Nýalssinna. (1956)

Einhverntíma spurði maður mig að því hvaðan gaman ég hefði af því að horfa á stjörnurnar, hvort þær væru ekki alltaf eins. Þó svo væri þá er ærið nóg af stjörnunum til að skoða svo að nýungar geta orðið fyrir auganu endalaust. En að vísu verða einnig breytingar á himni, sem auðvelt er að taka eftir og fylgjast með og ber þar auk breytinga á tungli og sólu, mest á afstöðubreytingum reikistjarnanna. Auk þess sjást í flestum árum, nokkrar halastjörnur þótt fáar einar verði mjög bjartar, og ævinlega er nóg af stjörnuhröpum að sjá eða loftsteinahröpum réttara sagt. Allt þetta eru þó innansólhverfis fyrirbrigði og þegar

horft er þar út fyrir og til hinna fjarlægðu sólna, þá er það satt, að þar virðist ríkja kyrrð og stöðugleiki og breytingar flestar mjög hægfara. En frá þessu eru hinar misbjörtu stjörnur mikil undantekning.

Misbjartar stjörnur eru nú fjölmargar þekktar, en lengi var þeim líttill gaumur gefinn. Sú fyrsta, Furðustjarna eða Míra í Hvalsmerki, var uppgötvuð árið 1596 af frísneskum presti Davíð Fabricius að nafni. 13. ágúst 1596 tók hann eftir að hafa séð stjörnu, sem hann mundi ekki eftir að hafa séð áður. Í nokkrar vikur sá hann þessa stjörnu, en þegar kom fram í október gat hann ekki lengur fundið hana 13 árum síðar sá hann þessa stjörnu aftur einnig í nokkrar vikur. Hann skeytti þó víst ekki mikið um hana en 1637 tók Holworda nokkur prófessor eftir henni. Hann gerði sér alveg ljóst að hún lýstist og dofnar á víxl og hann fann á hve löngum fresti þetta endurtekst. Birtuhámarkið kemur að jafnaði á 11 mánaða fresti, en stjarnan er ekki alltaf jafn björt í hámarki; stundum nær hún 2. stærð en stundum kemst hún ekki nema í 4.-5. stærð og skýrist af þessu hversvegna Fabricius tók ekki oftast eftir henni. Um Davíð Fabricius veit ég annars tvennt, að hann skrifaði Islandslýsingu og hann er nefndur meðal þeirra fáu manna sem hafa talið sig hafa samband við íbúa annarra stjarna. En merkilegt að uppgötvun misbjarttra stjarna skuli vera að þakka manni, sem bæði hafði áhuga á Íslendingum og íbúum stjarnanna.

Önnur misbjört stjarna var uppgötvuð á 17. öldinni, stjarnan Algól í Perseifi. En hjá henni verða birtuskiptin miklu örar eða á 2 sólarhringa, 20 klst. og 40 mínútna fresti, mjög reglulega. Það er nú vitað að þessi reglusemi stafar af því, að Algól er tvístirni, önnur sólin björt en hin miklu daufari, og snúast hver um aðra, þannig að sú daufa gengur fyrir þá björtu í hverri umferð. En þetta sjáum við einungis vegna þess að göngubraut þeirra snýr röndinni að okkur. Úr annarri átt séð væri Algól ósköp venjuleg stjarna, og ekki væri hægt að sjá það nema með litrófskönnun að hún er tvístirni, því þessar tvær sólar eru afar nálægt hver annarri eins og hinn stutti umferðartími gefur til kynna, tæpir 3 sólarhringar. Til samanburðar er það að Merkúrís er 88 daga að ganga kringum sól og er þó fjarlægðin þeirra á milli ekki meiri en 35 - 40 þvermál sólar. En þetta tvennt millibil hnatta og umferðartími helzt í hendur samkvæmt lögmálum Keplers og Newtons, og kemur þó þyngd hnattanna einnig til greina. Verður snúningurinn því hraðari, sem þeir eru þyngri.

Enn eru til aðrar stjörnur sem breyta ljósmagni sínu á stuttum fresti eins og Algól, en þeim er öðruvísi varið. Þar sem Algól ber lengst af jafna birtu en dofnar svo skyndilega um nokkurra klukkustunda bil, þá verður breytingin hægar og jafnar hjá þessum Seffðum sem svo eru kallaðir. Þykjast vísindamenn nú vita að ljóshvolf þessara stjarna þenjast út og dragist saman á víxl og

geri það birtumuninn. Á sama hátt telja þeir að birtubreytingin verði hjá Furðustjörnunni (Míra) og hennar líkum, þó að þar standi miklu lengra á henni eða frá 200-400 daga á móti fáeinum dögum hjá flestum Sefðum.

Þá eru til stjörnur sem breyta ljósmagni sínu óreglulega, lýsast eða dofna þegar minnst varir, ýmist lítillaga eins og Beteigeuze og Epsilon í Okumannsmerki, eða til mikilla muna eins og stjarna ein sem sést frá suðurhveli jarðar. Hún náði mesta ljóma sínum á fyrri hluta 19. aldar og var þá ein af björtustu störnum himins, áður var hún af 4. stærð, síðan var hún mjög dauf um margra áratuga skeið, en nú kvað hún vera farin að bæra á sér aftur.

Loks er að segja frá nýstirnunum eða nóvunum. Þær blossa upp skyndilega án þess að gera boð á undan sér. Nóttina milli 7. og 8. júní 1918 sást ný stjarna, 2. stærðar, í Arnarmerki og stækkaði óðfluga svo að nóttina eftir var hún orðin ein af björtustu stjörnum himinsins. Brátt fór aftur að draga úr birtunni, og eftir þrjár vikur var hún komin niður í fjórðu stærð og á næstu mánuðum og árum smækkaði hún smám saman og nú er hún orðin mjög dauf. Á myndum sem teknar höfðu verið af þessu himinsvæði áður en þetta gerðist sást í stað nýstirnisins stjarna af 10. - 11. stærð og við samanburð myndanna kom í ljós að birtan frá stjörnunni hafði um skeið verið eitthvað óstöðug, þó aðeins lítillaga. Á mynd sem tekin hafði verið tveim dögum áður en vart varð við hana sem nýstirni, sást að hún var þá enn með svipaðri birtu og áður.

Það má því segja að þessa sólsprengingu hafi borið bráðan að. Og hafi verið menn í því sólhverfi, þá hafa þeir líklega ekki vitað um það aðaendalokanna væri von fyrr en þau voru orðin. En mjög merkilegt er það að í Grímnismálum, sem ort eru líklega skömmu fyrr en Völuspá stendur þessi vísa:

Svalinn heitir, er stendr sólu fyrir
skjöldr skínanda goði
björg ok brim veitk at brenna skulu
ef hann fellr í frá.

Hér er beinum orðum sagt það sama sem stjörnufræðingar hér á jörð vita nú að á sér stað ef skilja má þannig, að skjöldurinn Svalinn sé sama sem ljóshvolf sólar eða fótosfæra. - Sprengingin verður nefnilega á þann veg, að ljóshvolf stjörnuar þeytist frá henni á allar áttir og losnar þá svo um ljósorkuna, að stjarnan verður á stuttum tíma 100 000 falt bjartari en hún var, sé um eitt hinna algengari nýstirna að ræða.

En til er sérstök tegund nýstirna, svokallaðar súpernóvur og getur birta þeirra um stund orðið jafnmikil og heillar vetrarbrautar samanlagt eða 100 000 millj. sólna. Þessar sólir brenna sér upp algerlega eða nærri því, svo að eftir verður aðeins ljóspoka eða lítill kjarni. Yrði einhver af nágrannastjörnum okkar í svo sem

10 ljósára fjarlægð að súpernövu þá er sagt að birta hennar yrði álika og af fullu tungli. Og þó þær séu fjær en þetta en innan ta takmarka vetrarbrautarinnar, þá verða þær samt afarbjartar. 1572 sá danski stjörnufræðingurinn Tycho Brahe svo bjarta stjörnu í Cassiopeia eða Ristinni að hún varð sjáanleg um hábjartan dag. Kínverskir og japanskir stjörnufræðingar sáu enn bjartari stjörnu 1054 og sumir halda að Betlehemsstjarnan, sem vitringarnir frá Austurlöndum sáu, hafi verið þess háttar stjarna.

Þorsteinn Guðjónsson.

TVEIR LÁTNIÐ

Tveir félagar okkar, Halldór Halldórsson arkitekt og Eypór Gunnarsson læknir, létust með stuttu millibili, Halldór laugar-daginn 23. ág. en Eypór á mánudag 25. ág. Varð Halldór bráðkvaddur af völdum blóðtappa, en Eypór lézt eftir langvar-andi vanheilindi. Báðum þessum mönnum megum við með þakklæti muna stuðning þeirra við félagið og málefni okkar, og er Halldórs sérstaklega að geta fyrir virkan stuðning við bygg-ingaframkvæmd félagsins, sem gerður var af heilum hug og góðum vilja. Teiknaði hann sal þann sem við eigum eftir að njóta, og annað fyrirkomulag hússins, og þó að eitthvað kunni að hafa á milli borið um einstök atriði, þá mun nú öllum koma saman um að heildaráhrifin séu góð af því að koma þar inn. Og það er fyrir mestu. Við minnumst þessa félaga með þökk og með virðingu.

Eypór Gunnarsson gekk í félagið rétt upp úr því að það var stofnað, en hafði áður lengi haft hug á málefni Nýals. Vel líkaði mér að tala við Eypór í nokkur skipti sem ég hitti hann að máli, og fóru skoðanir okkar mjög saman. Eypór var næm-geðja og skarpur. Hafði hann hreinlega tileinkað sér skilning Nýals, og birtist grein eftir hann um eðli drauma í 2. hefti Íslenzkrar stefnu (1.h.1952), undir dulnefninu "Grímur". Baráttumaður var hann þó minni en efni stóðu til, og hefur mér stundum orðið það umhugsunarefni, að því "ofar" sem menn standa þjóðfélagslega, því erfiðara hefur þeim orðið að styðja þetta mál. Til þess að vera verulegir Nýalssinnar hafa menn hreint og beint orðið að vera alþýðumenn, og dettur mér það þá í hug, að eiginlega hafi Helgi Pjeturss alltaf verið alþýðumaður, þrátt fyrir allt sem hann hafði til þess að vera afburðamaður. Gæti hann heimsótt okkur núna, býst ég við að hann yrði ekki í neinum vandræðum með að vera sem einn af okkur. - Ekki er ég með þessu að gefa í skyn, að Eypór hafi

verið stoltur; slíks varð ég aldrei var hjá honum, heldur var hann ljúfur og eðlilegur í viðmóti. Mjög erfið mun honum hafa orðið hin langa sjúkdómslega, og er gott að þeim þrautum hans skuli nú vera lokið, og munu þá mikil og góð umskipti orðið hafa.

Viðbót: Á sambandsfundi, sem haldinn var 1. sept. á Laugavegi 24, komu þeir báðir fram hinir nýlátnu félagar okkar og fluttu boðskap sinn með miklum skýrleik og krafti. Sögðust þeir vera komnir fram meðal vina og kunningja á öðrum hnetti og var gott samræmi í öllu tali þeirra. Hefur mér varla í annað sinn fundist meiri veruleiki í þeim framlíffsamböndum, sem náðst hafa hjá okkur, jafnframt því sem mér urðu einnig ljóssar takmarkanir þær, sem sambandið er háð. Báðir hinir látnu létu mikið yfir því, hvað umskiptin voru góð, og þó einkum sá, sem sjúkur var.

D. G.

STJÖRNUSAMBÖND.

Um þúsundir ára hafa menn lagt stund á stjörnuathuganir. Lengst af urðu menn að skoða stjörnurnar berum augum, og var því ekki unnt að virða fyrir sér aðrar stjörnur en þær, sem bjartastar eru héðan að sjá. En upp úr aldamótunum 1600 var fundinn upp stjörnu-
kíkir og var Galileo Galilei (1564 - 1642) brautriðjandi í notkun hans. Má segja að með tilkomu stjörnukíksins hafi himnarnir opnast, hjá því sem áður var, því nú komu í ljós nýjar stjörnur, svo margar að fáa hefðu órað fyrir slíku áður. Síðan hafa stjörnuathuganir tekið stórkostlegum framförum. Mönnum hefur tekist að búa til fullkomnari og fullkomnari stjörnusjár, og það svo mjög á síðustu árum, að tvísýnt þykir, að unnt verði að sjá öllu lengra út í himingeiminn, en nú þegar hefur tekist. En með nýjustu sjón-
auka- og ljósmyndataækni samanlagðri, hefur tekist að greina
vetrarbrautir, sem eru í allt að tíu þúsund milljón ljósára fjarlægð.

Stjörnuskoðun með eldri aðferðum og með hinni nýjustu tækni, til hjálpar stjörnufræðingunum, hefur opnað mönnum leið til að skilja hvernig þessi mikli alheimur er, hvernig vetrarbrautir eru í lögum og hvernig vetrarbrautir og vetrarbrautahvirfingar eru dreifðar um geimrúmið.

Má segja að stjörnuvísindin hafi nú þegar lagt svo trausta undirstöðu að þekkingu á hinum efnislega alheimi, að auðveldara verði nú en áður, að byggja ofan á þá undirstöðu. Þar sem hinni almennu

stjörnufræði sleppir, þarf stjörnufræðin að geta tekið við.

Fyrir um 60 árum voru hér á landi gerðar brautryðjandi uppgötvunarir í stjörnufræði af dr. Helga Pjeturss og birtust niðurstöður rannsókna hans og uppgötvana í Nýal, sem út kom í 6 bindum, og sem fást nú hjá Félagi Nýalssinna.

Frá upphafi stofnunar Félags Nýalssinna árið 1950, hefur það leitað við að útbreiða og efla skilning, á kenningum dr. Helga Pjeturss. Beinir tilraunir, byggðar á kenningum hans, hafa einnig farið fram á vegum félagsins, einkum hin síðari ár. Má segja, að þær tilraunir hafi borið árangur, jafnvel nokkru meiri en vonir gátu staðið til.

Á þessu ári hefur félagið ráðist í að byggja vísi' að stjörnusambandsstöð. Til þess að hún komist upp að fullu, og á sem skemmstum tíma, treystir félagið á góðvilja og nokkra fórnfýsi þeirra, sem kynnt hafa sér stjörnusambandsmál þau sem Nýall fjallar um.

Við gerum okkur vonir, að með hinni bættu aðstöðu, sem fæst með byggingu þessarar fyrstu sambandsstöðvar, muni sambandstilraunir takast mun betur en áður. Mun þá mega vænta, fremur en enn er orðið margháttaðs fróðleiks frá íbúum annarra stjarna, þar með talið frá framliðnum vinum okkar. Þá má ennfremur vænta þess að lækningar sjúkra fari að takast mun betur en enn hefur orðið, og má þó segja, að nú þegar hefi þar orðið um nokkurn árangur að ræða.

Ingvar Agnarsson.

LITIÐ TIL BAKA.

Í síðasta hefti félagsblaðsins birtust nokkrar smá greinar, sem áður höfðu birzt, og voru þær flestar eftir sjálfan mig. Nú ætlað til, að undir þessari fyrirsögn birtist stjörnufræðipættir eftir Þorstein Guðjónsson, sem þó hafa einnig verið birtir áður, en að líkindum ekki ýmsum félagsmönnum. P. J.

Félag Nýalssinna. Stofnað 1950. Tilgangur félagsins er að afla viðurkenningar á uppgötvun dr. Helga Pjeturss um eðli svefnis og drauma og að stofna til sambands við líf á öðrum hnöttum. Félagsfundir eru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar í húsnæði félagsins á Laugavegi 24, kl. 9 e.h. Framlög til stjörnusambandsstöðvar má senda beint í pósthólf félagsins nr. 1159. Rvík eða snúa sér til stjórnarmanna félagsins, sem eru þessir:

Þorsteinn Guðjónsson, Sólheimum 23, sími 82898.

Sigurður Ólafsson, Fálkanum s. 18670, heima Flókagötu 63, s. 16274
Sveinn Haraldsson, Þingholtsstræti 22a.

Ingvar Agnarsson, Gúmmívinnustofunni s. 30688,
heima Hábraut 4 Kópavogi, s. 40593.